

Föstudaginn 22. janúar 1960.

Nr. 6/1959. **Stéttarfélag verkfræðinga  
vegna Einars Pálssonar**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

gegn

**Borgarstjóranum í Reykjavík f. h.**

**Reykjavíkurbæjar** (Tómas Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Verkfræðingar: Ákvæði kjarasamnings um tiltekið hlutfall milli launa almennra verkfræðinga og yfirverkfræðinga eigi talið útiloka, að fyrirmæli laga nr. 33/1958 gætu raskað því hlutfalli.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 6. nóvember f. á. af Stéttarfélagi verkfræðinga vegna Einars Pálssonar yfirverkfræðings í Reykjavík gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt skylt að greiða Einari Pálssyni yfirverkfræðingi 20% hærri laun en almennum verkfræðingi á sama starfsaldri. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Hinn 15. júní 1957 gerði Stéttarfélag verkfræðinga kjarasamning við ýmsa vinnuveitendur og gerðist Reykjavíkurbær aðili að honum hinn 11. júlí s. á.

Í 2. gr. samnings þessa, sem kveður á um fjárhæð launa, segir m. a. svo:

„Almennur verkfræðingur, ráðinn samkvæmt samningi þessum, skal eigi hafa lægri grunnlaun á mánuði en hér segir og miðast þau við starfsaldur hans.

1. starfsár	kr.	2975.00
2.—3.	—	— 3230.60
4.—5.	—	— 3460.00

6.—7. starfsár	kr.	3660.00
8.—9. — —		3725.00
10. — —		3790.00

Föst laun deildarverkfræðinga skulu vera 10% og föst laun yfirverkfræðinga 20% hærri en laun almennra verkfræðinga á sama starfsaldri.

Á allt grunnkaup greiðist verðlagsuppbót eftir kaupgjalds-visitölu, að viðbættum 10 stigum. Greiðsla verðlagsuppbótar skal þó fara eftir þeim lagafyrirmælum, sem gilda um það efni á hverjum tíma“.

Með lögum nr. 33 frá 29. maí 1958 var gerð sú almenna breyting á launum launþega, bæði opinberra starfsmanna og þeirra, sem laun tóku eftir kjarasamningum, að launin hækkuðu um 7 eða 5 af hundraði eftir því, hvert grunnkaupið var. Frá þessari reglu var þó gerð sú undantekning, að grunnlaun hærri en kr. 4390.00, skyldu eigi hækka samkvæmt nefndum ákvæðum laganna. Hafði þetta síðast nefnda ákvæði þær afleiðingar, að þeir opinberir starfsmenn, sem höfðu hærri grunnlaun á mánuði en kr. 4390.00, fengu eigi neina hækkun.

Þegar þessi lagaákvæði gengu í gildi, hafði Einar Pálsson yfirverkfræðingur hjá Reykjavíkurbæ vegna starfsaldurs síns náð hámarkslaunum samkvæmt 2. gr. áðurnefnds kjarasamnings, kr. 3790.00 á mánuði, og fékk hann þannig alls í grunnlaun, að meðtöldu 20% yfirverkfræðingsálagi, kr. 4548.00. Stefndi taldi, að þessi launafjárhæð Einars firrti hann rétti til launahækkunar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33/1958, þótt aðrir verkfræðingar fengju launahækkun, og þótt laun Einars yrðu af þeim sökum ekki 20% hærri en almenn verkfræðingslaun, svo sem um var samið í kjarasamningi þeim, er áður var getið.

Stéttarfélag verkfræðinga, stefnandi máls þessa, leit hins vegar svo á, að lög nr. 33/1958 skertu ekki á neinn hátt rétt yfirverkfræðingsins samkvæmt ákvæðum nefnds kjarasamnings og ætti Einar því rétt til þeirrar launahækkunar, að hann fengi 20% hærri kaup en almennir verkfræðingar, hvað sem liði fjárhæð mánaðarkaups hans. Hélt stefnandi

því fram, að enda þótt nefnd lög fyrirskipuðu launahækkun að vissu marki, þá létu þau samt afskiptalaust þótt samið hefði verið um frekari hækkun, svo sem gert hefði verið í kjarasamningi aðilja með því ákvæði, að yfirverkfræðingar hefðu ávallt 20% hærri laun en almennir verkfræðingar. Hefðu lögin því ekki á neinn hátt haggð umræddu samningsákvæði, enda væri óheimilt að breyta slíkum samningi með lögum.

Með ákvæðum 52. gr. laga nr. 33/1958 varð almenn breyting á grunnkaupi opinberra starfsmanna bæði að því er kaupfjárhæð varðaði og hlutfall milli launaflokka. Kom það síðarnefnda fram í því, að þeir, sem tóku lægst laun, fengu 7% launahækkun, aðrir 5% og loks fengu þeir, sem höfðu yfir kr. 4390.00 á mánuði, enga hækkun. Á sama hátt gripu ákvæði laganna inn í samninga um kaup og kjör, þar sem atvinnurekendur og aðrir, sem um launagreiðslur höfðu samið, urðu að greiða hærri kaup en tilskilið var í samningnum, auk þess sem ákvæði laganna leiddu til þess, að hlutföll milli launaflokka gátu orðið önnur, en áður var samið um við launþega.

Eigi verður talið, að löggjafanum hafi almennt verið óheimilt að breyta samningum með þeim hætti, sem hér var gert, og kemur þá til álita, hvort umdeilt ákvæði kjarasamnings aðilja máls þessa hafi verið með þeim hætti, að haldast skyldi óbreytt það hlutfall milli launa almennra verkfræðinga og yfirverkfræðinga, sem um var samið.

Enda þótt laun deildar- og yfirverkfræðinga séu í kjarasamningi málsaðilja ákveðin tilteknum hundradshluta hærri en laun almennra verkfræðinga, virðist hér fyrst og fremst um hagkvæmisatriði í samningsgerð að ræða, og verður eigi talið, að það veiti félagsmönnum stefnanda örugglega rikari rétt til þess, að umsamið launahlutfall haldist, heldur en verið hefði, þótt laun deildar- og yfirverkfræðinga hefðu verið ákveðin með tiltekinni fjárhæð. Þá verður eigi heldur litið svo á, að stefnandi hafi með þessari tilhögun samningsákvæða fyrirfram samið félagsmenn sína undan þeirri takmörkun á hækkun launa, sem 3. mgr. 52. gr. laga nr. 33/1958 mælir fyrir um, að því er varðar þá launþega, sem hafa hærri grunnlaun

en kr. 4390.00 á mánuði. Af þessu leiðir, að ekki verður talið, að umrædd ákvæði kjarasamnings aðilja valdi því, að stefnda sé þrátt fyrir síðastnefnd ákvæði laga nr. 33/1958 skylt að greiða þeim yfirverkfræðingum, sem hafa hærrí grunnlaun á mánuði en kr. 4390.00, þá launahækkun, að áfram-haldist það hlutfall milli launa almennra verkfræðinga og yfirverkfræðinga, sem kjarasamningurinn gerir ráð fyrir. Verða félagsmenn stefnanda því, þangað til önnur skipan er gerð á þessum launagreiðslum, að sætta sig, svo sem aðrir launþegar, við þá röskun á hlutfalli milli launaflokka, sem lögin hafa í för með sér.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stéttarfélags verkfræðinga vegna Einars Pálssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---